

## Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

### 1. gr.

Við 5. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

8. Forsjármálum.

9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995.

### 2. gr.

Í stað orðanna „og skipulagsfræðinga“ í 22. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: skipulagsfræðinga og raffræðinga.

### 3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

51. Leyfi til sölu notaðra ökutækja

a. til fimm ára

25.000 kr.

b. endurnýjun leyfis skv. a-lið

2.500 kr.

### 4. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa

5.000 kr.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.